

# Fljúgandi steinsteypa



**Sýningin í stöðvarhúsi Búrfellsvirkjunar á verkum Sigurjóns Ólafssonar sumarið 2008 er sett upp í samvinnu við Listasafn Sigurjóns Ólafssonar í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá fæðingu listamannsins.**

Sigurjón Ólafsson (1908–1982) fæddist á Eyrarbakka og ólst þar upp. Að loknu iðnnámi í Reykjavík 1928 fór hann til náms í höggmyndalist við Konunglega Listaháskólann í Kaupmannahöfn. Hann hlaut margvíslegar viðurkenningar í Danmörku, meðal annars gullverðlaun Listaháskólans 1930 og Eckersberg-verðlaunin 1939 fyrir andlitsmyndina *Móðir mín*. Á árunum 1941–44 gerði Sigurjón tvær stórar granítmyndir fyrir ráðhústorgið í Vejle í Danmörku. Jafnhliða raunsæisverkum sínum fór Sigurjón snemma að glíma við forntilraunir og var meðal brautryðjenda módernismans á Íslandi. Eftir að Sigurjón sneri heim að stríði loknu 1945 fékk hann mörg opinber verkefni. Líðlega þrjú tugi listverka eftir hann má sjá á opinberum stöðum, eða í alfaraleið og um 200 andlitsmyndir eru skráðar frá hans hendi. Verk eftir Sigurjón eru í söfnum á Íslandi, Danmörku, Svíþjóð, Ítalíu og Bandaríkjunum, en stærsta safn verka hans er í eigu Listasafns Sigurjóns Ólafssonar í Reykjavík.

Skúlptúr Sigurjóns Ólafssonar, Hávaðatrölllið, heilsar gestum við aðkomuna að stöðvarhúsi Búrfellsvirkjunar. Listamaðurinn útfærði sjálfur verkið og notaði til þess koparplötur, sem hann sagaði út og lét sjóða saman. Þessi tækni var einnig notuð í mörgum öðrum verkum Sigurjóns Ólafssonar.



**Hávaðatrölllið**  
1967–68, kopar, 350 x 101 x 91 cm



## Fljúgandi steinsteypa

Þegar lágmyndir Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara voru gerðar á framhlið stöðvarhúss Búrfellsvirkjunar voru þær bæði afskekktasta og langstærsta listaverk eftir íslenskan listamann.

Það má lesa þetta verk Sigurjóns á ýmsa vegu; í því má finna samsvaranir í formi við verk sem listamaðurinn hafði unnið áður og einnig form sem hann nýtti í síðari verkum sínum. En sem heild má túlka verkið sem frásögn um umbreytingu náttúruafla.

Hornsteinn stöðvarhússins var lagður í júní 1968 og Búrfellsvirkjun var formlega vígð 2. maí 1970. Lágmyndir Sigurjóns voru unnar á árunum 1966-69. Þær eru 5 metrar á hæð, samanlögð lengd þeirra er 66,8 metrar og samtals fylla þær 334 m<sup>2</sup> veggflöt. Yfirborð myndanna er í réttari línu við vegginn og dýptin alls staðar hin sama, 17 cm.

**I** Flest verk Sigurjóns Ólafssonar hafa mannlega viðmiðun og er fyrsta lágmyndin í fyrsta reit dæmi um það. Tvö bogadregin form, tvö tungl eða tveir vængir, sem saman mynda höfuðminni, hverfast um lóðréttan miðás eða súlu. Út frá miðásnum, bóknum, ofarlega, er svo skipað láréttum rifum, útlimum. Skírskotun til mannlíkamans kann að þykja langsótt en Sigurjón notaði sama minni í verki sem hann vann árið 1965 og kallaði Dýrtinginn. Í sama reit er einnig að finna tennt form, sem rekja má til verks sem Sigurjón kallaði Höfuðáttir (1964-65) og er í eigu Listasafns Íslands.

**II** Í öðrum reit verksins er að finna tvö risastór form, tvær tröllauknar fígúrir, æði stórskornar, aðra köntótta með palliétuhaus, stærsta staka formið í verkinu og lætur nærri að það sé um 5 metrar á hæð, og hina mykri, allavega ávalari, með risastóran tunglhaus niður í „hnésbætur“. Það getur varla talist mjög langsótt að hugsa sér fígúrnar tvær í Búrfellsmyndinni sem persónugervingu á landslaginu, tvö tröll sem kallast á við Hávaðatröllíð, koparverk Sigurjóns við vesturhlið stöðvarhússins.

**III-IV** Í miðjureitunum tveimur, þriðja og fjórða reit, er að finna fjórar stórar lágmyndir, allar af sömu stærð, sem einkennast af mikilli hreyfingu og spennu. Við fyrstu sýn gætu myndirnar minnt á óreglulega lagaða eyjaklasa, séða úr flugvél. Við nánari athugun, og með skírskotun til hringhreyfingarinnar í fornumum, minna þær þó frekar á vatn; á óbeislaðan vatnsflauminn.

**V** Í fimmta reit flatarins er aftur að finna meira skipulag og meiri reglu – jafnvel ferhyrnd, kassalaga form í greinilegri uppröðun. Eða svo haldið sé áfram með líkingasmíðina, þá hefur óbeislaður vatnsflaumur miðjureitanna hér verið færður í bönd og virkjaður. Í þessum sama reit, efst til vinstri, er einnig að finna kunnuglegt form, mótif úr öðru sjálfstæðu verki, höggmynd sem Sigurjón vann í gífs árið 1965 og kallaði Samstæðu.

**VI** Í sjötta og síðasta reit verksins er að finna fræga „skrúfu“; form sem síðar átti eftir að hefja sig upp úr láréttri stöðu sinni og verða lóðrétt fjögurra metra há höggmynd úr stáli á lóð Listasafns Sigurjóns Ólafssonar á Laugarnesi. Lágmyndin fyrir ofan skrúfuna minnir um sumt á miðjureitina í hreyfingu og hrynjanda, en er átakaminni. Formin hafa verið leyst upp og svífa um án þyngdarpunkts, án miðju, út úr verkinu, út úr veggnum.